

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 95. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 2. febrúar 2012 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Vaðlaheiðargöng:
3. Kiðagil – endurnýjun á rekstrarleyfi:
4. Styrkbeiðnir:
5. Air 66N:
6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 31.01.2012:
7. Fundargerð Starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 31.01.2012:
8. Ráðning skipulagsfulltrúa:
9. Þriggja ára fjárhagsáætlun:

#### *Til kynningar:*

- a) 226. fundargerð stjórnar Eyþings:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Þormóðsson, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir Margrét Bjarnadóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk skrifstofustjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bætt yrði á dagskrá undir 7. lið; fundargerð Starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 12.01.2012.

#### **2. Vaðlaheiðargöng:**

Svohljóðandi ályktun var samþykkt af sveitarstjórn á milli funda:

„Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar lýsir sig reiðubúna til að auka hlutfé sitt í Vaðlaheiðargöngum til að tryggja að hafist verði handa við gerð Vaðlaheiðarganga sem allra fyrst. Það liggur fyrir að þetta samvinnuverkefni sveitarfélaga á svæðinu, íbúa þess, fyrirtækja og ríkisins er afar mikilvægt út frá félags-, byggða- og efnahagslegum sjónarmiðum auk þess að tryggja betri samgöngur og meira umferðaröryggi.“

Fyrir liggur að vegafé hefur verið skorið verulega niður í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi. Forsenda fyrir gerð Vaðlaheiðarganga er því að verkefnið geti staðið undir sér og truflað þannig ekki eða seinki öðrum vegaförum á vegum ríkisins. Því lýsir sveitarstjórn Þingeyjarsveitar sig tilbúna til að auka hlutfé sitt og tryggja þannig enn betur að komi til óvæntra skakkafalla raski það ekki þeim forsendum sem út frá er gengið. Jafnframt skorar sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á stjórnvöld að láta ekki sitt eftir liggja til að tryggja framgang verkefnisins til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og alla þjóðina.“  
Sveitarstjórn staðfestir ályktunina.

### 3. **Kiðagil – endurnýjun á rekstrarleyfi:**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Húsavík um endurnýjun rekstrarleyfis til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga til handa Kiðagili ehf. að Kiðagili í Bárðardal. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun leyfisins.

### 4. **Styrkbeiðnir:**

Lagðar fram eftirtaldar styrkbeiðnir:

- a) Góðverkadagar 2012, skátamiðstöðin.  
Ekki unnt að verða við erindinu.
- b) Saman-hópurinn.  
Ekki unnt að verða við erindinu.
- c) Skólahreysti.  
Vísad til Félags- og menningarmálanefndar.
- d) Bændur græða landið.  
Ólína, Friðrika og Margrét lýstu sig vanhæfar undir þessum lið og viku af fundi. Samþykkt að verða við erindinu.

### 5. **Air 66N:**

Lagt fram erindi frá Markaðsstofu Norðurlands vegna Air 66N verkefnisins. Óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu Air 66N. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og leggja því til sem nemur 300 kr. á íbúa árlega í þrjú ár.

### 6. **Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 31.01.2012:**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 31.01.2012.

Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn samþykkir samkvæmt tillögu nefndarinnar, a. lið um eignarskiptayfirlýsingu í landi Hróarsstaða, c. lið um Rauðuskriðu 1, d. lið erindi frá eigendum Rangár í Kinn og f. lið um Þeistareyki, borvatnsveita/slökkvivatn.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

### 7. **Fundagerðir Starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 12.01.2012 og 31.01.2012:**

Lagðar fram fundagerðir Starfshóps um sameiningu Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla frá 12.01.2012 og 31.01.2012. Ólína gerði grein fyrir fundargerðunum. Sveitarstjórn staðfestir báðar fundagerðirnar.

### 8. **Ráðning skipulagsfulltrúa:**

Arnór gerði grein fyrir niðurstöðu samráðshóps Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um ráðningu sameiginlegs skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Bjarna Reykjalín til starfans og sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningarsamningi við Bjarna í samvinnu við sveitarstjóra Skútustaðahrepps.

**9. Þriggja ára fjárhagsáætlun – fyrri umræða:**

Lögð fram þriggja ára áætlun sveitarfélagsins til fyrri umræðu. Fjármálastjóri mætti til fundarins undir þessum lið.

**Til kynningar:****a) 226. fundargerð stjórnar Eypings:**

Lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30

---

Ólína Arnkelsdóttir

---

Arnór Benónýsson

---

Ásvaldur Þormóðsson

---

Ásta Svavarsdóttir

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Margrét Bjarnadóttir